

9. gr.

10

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

12. jan.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu skuldlausar eignir hennar renna til uppeldis barna og unglinga, á þann hátt, er þáverandi stjórn hennar þykir bezt við eiga.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefir látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

St. í Reykjavík, 2. nóvember 1933.

Sesselja H. Sigmundsdóttir.

Guðm. Einarsson.

Vitundarvottar:

Sigm. Sveinsson.

Sveinbjörn Jónsson.

REGLUGERÐ

11

um leiðsögu skipa.

12. jan.

1. gr.

Öllum leiðsögumálum stjórnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

2. gr.

Í landinu verða fyrst um sinn 17 leiðsöguumdæmi, þar sem löggiltir leiðsögumenn starfa samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessari reglugerð, en auk þess eru 4 hafnsöguumdæmi, Reykjavík, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, og starfa hafnsögumenn þar samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað.

Leiðsöguumdæmi eru þessi:

1. *Faxaflói* innan línu milli Garðskaga og Malarriks, að undanskilinni Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn.
2. Ytri hluti *Breiðafjarðar*: Sandur, Ólafsvík og Grundarfjörður.

- 11 3. Innri hluti *Breiðaffarðar*, innan við línu milli Eyrarfjalls við Grundarfjörð og Hagatöflu.
 12. jan. 4. *Ísafjarðardjúp* innan línu milli Stiga og Straumness, að undanskilinni Ísafjarðarhöfn.
 5. *Húnaflói* innan Hornbjargs að vestan og Skagarífs að austan.
 6. *Skagafjörður* innan línu milli Hraunsmúla og Hrolleifshöfða.
 7. *Siglufjörður* og *Eyjafjörður*.
 8. *Skjálfandi* innan línu úr Tjörnesodda norðan við Flatey í Gjögurtá.
 9. *Axarfjörður* innan línu úr Rauðagnúp í Tjörnesodda.
 10. *Distilfjörður* innan línu úr Hraunhafnartanga í Langanestá.
 11. *Vopnafjörður* innan línu úr Bjarnarey í Digranes.
 12. *Austfirðir* frá Glettinganesi að Eystra Horni.
 13. *Hornafjörður*.
 14. *Vestmannaeyjar* að undanskilinni Vestmannaeyjahöfn.
 15. *Stokkseyri*.
 16. *Eyrbakki*.
 17. *Grindavík*.

Í þessi umdæmi skipar ráðherra leiðsögumenn, ef um hæfa menn er að velja, eins marga og á þeim stöðum, er hann telur ástæðu til.

3. gr.

Á hverjum stað tilnefnir ráðherra hver sé leiðsöguformaður, og sé hann viðurkenndur og vanur sjómaður, vel kunnugur í öllu umdæminu, sbr. þó 2. og 7. gr. laga um leiðsögu skipa. Leiðsöguformaður ræður framkvæmd leiðsögunnar og ber hinum leiðsögumönnum að fara eftir fyrirskipunum hans.

4. gr.

Leiðsöguformaður skal sjá um, að leiðsögumenn á staðnum fari að öllu í starfi sínu eftir fyrirskipuðum reglum og að þeir tilkynni honum tafarlaust allt sem út af ber um siglingaleiðir, vita og sjómerki, allt sem tálmað getur siglingum og áriðandi er að kunnigert verði, svo sem um grunn og steina í botni, er ekki standa í sjókortum, ísrek, skipsflök eða þessháttar, sem er á reki, eða sem valdið getur hættu á siglingaleiðum. Ennfremur ber að tilkynna honum öll brot á alþjóðareglum og innlendum reglum og lögum um siglingar og skipakomur til landsins. Allt slíkt ber leiðsöguformanni þegar að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum.

5. gr.

Nú hættir lögskipaður leiðsögumaður störfum einhverra orsaka vegna, og ber þá leiðsöguformanni eða hinum elzta leiðsögumanni á staðnum þegar að tilkynna það ráðuneytinu. Gerir ráðuneytið þegar ráðstafanir til að nýr leiðsögumaður verði skipaður.

6. gr.

11

Nú verður ágreiningur milli leiðsögumanna um atriði er snertir starf þeirra, og skulu þá leiðsöguformenn umdæmanna reyna að jafna ágreininginn, en takist það ekki, skal málið borið undir úrskurð ráðherra.

12. jan.

7. gr.

Fari lögskipaður leiðsögumaður úr umdæmi sínu um stundarsakir, veikist hann eða geti hann annara orsaka vegna ekki gegnt leiðsögustörfum um tíma, ber honum þegar að tjá það hinum öðrum leiðsögumönnum, sérstaklega leiðsöguformanni, en þeim skal gert aðvart, þegar hann getur aftur tekið til starfa. Leiðsöguformaður gerir þær ráðstafanir sem við eiga til þess að tryggja að skip fái leiðsögu.

8. gr.

Í hvert skipti er leiðsaga hefir farið fram, útfyllir leiðsögumaður þar til gerðan tvírítadan leiðsögumiða, sem skipstjóri undirritar ásamt leiðsögumanni, og halda þeir hvor sínum miða. Eftir miðanum er leiðsagan innfærð í dagbók leiðsöguumdæmisins.

9. gr.

Borgun fyrir leiðsögu er ákveðin í hvert skipti eftir gjaldskrá, er ráðuneytið hefir staðfest. Gjöldin öll renna til þess leiðsögumanns, er leiðsöguna framkvæmir, nema öðruvísi sé ákveðið.

10. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðið gjald, og ber þá leiðsögumanni að tjá það lögreglustjóra á þeim stað þar sem skipið er, og má þá ekki afgreiða skipið fyr en skipstjóri hefir greitt gjald þetta tvöfalt eða trygging hefir verið sett fyrir greiðslunni (sbr. 25. gr. laga nr. 48, 1933). Ef skipstjóri mótmælir greiðslu, ber honum, áður en hann fær afgreiðslu, að setja tryggingu fyrir upphæðinni og málskostnaði, og tilnefna mann hér á landi sem mæti fyrir hans hönd fyrir rétti í málinu.

11. gr.

Hverjum leiðsögumanni ber að gera tollinnheimtumanni og lögreglustjóra aðvart um skip, sem grunur er um að ekki séu í löglegum erindum svo sem vinni að ólöglegri fermingu eða affermingu. Leiðsögumönnum ber að öllu að fara eftir reglum hafnarnefnda, toll- og heilbrigðisstjórnar.

12. gr.

Þá er leiðsögumaður fer út í skip til þess að leiðbeina því, ber honum að hafa meðferðis hið löggilta leiðsöguskirteini svo og lög um leiðsögu skipa, reglugerð og gjaldskrá um leiðsögu og leiðsögumiða til útfyllingar.

11

12. jan.

Ráðuneytið afhendir hverjum leiðsögumanni hið lögskipaða skírteini til afnota, en er leiðsögumaður lætur af starfi, skal hann endursenda það.

13. gr.

14. gr.

Á hverjum bát, er hefir starfandi leiðsögumann innan borðs, skal sýna flagg, sem skipt er í 2 jafnstóra lóðrétt reiti, innri reiturinn er hvítur, hinn ytri rauður, alþjóðamerkið „H“. Þessi flögg leggja leiðsögumenn sjálfir til.

15. gr.

Leiðsögumönnum ber eftir föngum að skyggjast eftir skipum, er nálgast með leiðsögumerki uppi. Nú sést til skips, er óskar eftir leiðsögumanni, og skal þá þegar gera leiðsöguformanni aðvart, en hann ákveður hver leiðsögumanna fari út í skipið. Í fjarveru leiðsöguformanns ákveður þetta sá leiðsögumanna, sem næstur er leiðsöguformanni að starfsaldri. Leiðsöguformaður skal sjá um að allir leiðsögumenn á staðnum fái tækifæri til að leiðbeina skipum.

16. gr.

Merki þau, sem skip nota til að kalla í leiðsögumann eru þessi:

Að degi til:

1. Þjóðfáninn að hún á framsigli eða þjóðfáninn með hvíttri rönd allt um kring.
2. Alþjóðamerkið „PT“ (þarf leiðsögumann) á framsigli.
3. Alþjóðamerkið „G“ á framsigli.

Að nóttu til:

4. Skært hvítt ljós ofan við borðstokk, sem brugðið er upp með stuttu milli-bili, 1 mín. í senn.
5. „Bláljós“ (pyroteknisk ljós) 15. hverja mínútu.
6. Alþjóðamerkið „PT“ með Morse-merkjum, en þess skal gæta, að 5. merki sé ætíð gefið í sambandi við 4. eða 6. merki og að 6. merki sé, ef unnt er gefið í sambandi við 4. eða 5. merki. Þegar búast má við að leiðsögumenn vegna þoku eða annarra ástæðna geti ekki séð þessi merki, má kalla í leiðsögumann með hljóðpípu skipsins, þannig að allsherjarmerkið „PT“ sé útvarpað með Morse-hljóðum.

Ofangreind merki mega skipstjórar ekki gefa í öðrum tilgangi heldur en að kalla í leiðsögumann.

17. gr.

Þá er leiðsögumaður er kominn út í skip til þess að leiðbeina því, dregur skipstjóri niður kallmerkið um leiðsögumann.

18. gr.

Nú er leiðsögumaður á skipi, og er hann þá talinn starfandi meðan skipið er á siglingu innan umdæmis hans. Skipstjóra er þó heimilt að láta hann fara

af skipi hvar sem er, leiðsögumanni að hættulausu, gegn því að greiða honum **11**
heimferðarkostnað og dagpeninga samkvæmt gjaldskrá. Nú kemur skipið út 12. jan.
fyrir takmörk umdæmisins, og er þá skipstjóra heimilt að nota hann áfram
sem leiðsögumann, gegn gjaldi, sem samið er um, þangað til komið er inn
á annað leiðsöguumdæmi. Leiðsögumaður má fylgja skipinu gegn dagpeningum
og heimferðarkostnaði, ef skipstjóri kýs það heldur og leiðsögumaður fellst á
það. Leiðsögumanni er þó alltaf heimilt að fara af skipinu, þegar það er
komið út fyrir umdæmistakmörk hans. Nú kemur skipið inn á annað leið-
söguumdæmi, og skal þá skipstjóri, ef hann þarfnast leiðsögu um það svæði,
kalla leiðsögumann umdæmisins með venjulegum merkjum, en heimilt er hin-
um fyrra leiðsögumanni að leiðbeina skipinu gegn greiðslu samkvæmt gjald-
skrá, þar til hinn nýi leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl, en ekki lengur.
Eftir það ber honum fæði og dagpeningar samkvæmt gjaldskrá.

19. gr.

Það er á valdi skipstjóra hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, þar
sem eigi er öðruvísi ákveðið með sérstökum lögum eða reglugerðum, svo sem
í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Þó skal við inn-
siglinguna á Hvammsfjörð öllum skipum yfir 60 smál. brúttó skylt að taka
leiðsögumann í Stykkishólmi og láta hann leiðbeina skipinu meðan það er á
siglingu inn og út um Hvammsfjarðarröst. Fyrir leiðsögu á þessu svæði er
farið eftir sérstakri gjaldskrá en ekki eftir hinni venjulegu vegalengdargjald-
skrá.

20. gr.

Hverjum leiðsögumanni er heimilt, þegar hann óskar þess, að hafa með
sér aðstoðarmann, og ber skipstjóra að veita honum hvíldarstað og ókeypis
fæði svo og heimferðarkostnað, en hvorki kaup né dagpeninga.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933 um
leiðsögu skipa til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.